

126. fundur Rekstrarnefndar Hjúkrunar- og dvalarheimilsins Klausturhóla haldinn á zoom 3.4.20 kl.13:30.

Mættir: Sveinn Hreiðar Jenson, Auðbjörg Bjarnadóttir, Elín Heiða Valsdóttir, Matthildur Pálsdóttir, Anna María Ólafsdóttir, Jóna Margrét Sigmarsdóttir og Fanney Ásgeirsdóttir sem ritar fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla hjúkrunarforstjóra. Skýrsla lögð fram og rædd. Starfsemin gengur vel og fyrirhugaðar endurbætur s.s. á bjöllukerfi komnar í notkun. Miklar breytingar á daglegri starfsemi vegna COVID og varúðarráðstafana.
2. Aðgerðaáætlun vegna COVID-19. Sett á stofn nefnd til að fara yfir stöðuna og hvernig hægt sé að skipta betur upp starfseminni og hvaða aukinn kostnað/mannafla það myndi hafa í för með sér. Formaður leiðir nefndina.
3. Rekstrarstaða tveggja mánaða yfirlit. Farið yfir tveggja mánaða stöðu heimilins, rekstur á áætlun.
4. Fjárhagsætlun 2020 tekin til skoðunar í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu. Ákveðið að skoða mögulega hagræðingarmöguleika t.d. í viðhaldi.
5. Starfsmannamál. Mönnun í nokkuð góðu jafnvægi. Forstöðumaður hefur auglýst eftir bakvarðasveit í samfélaginu til að vera til staðar ef þörf skapast í ljósi ástandsins.
6. Önnur mál. Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 15:55